Stykkishólms kr. 165.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hin ákærðu greiði, annað fyrir bæði og bæði fyrir annað, allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. júní 1939.

Nr. 102/1938. **Jón Gunnarsson f. h. Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Bæjarstjóra Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Lögtak fyrir fasteignaskatti til bæjarsjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. október f. á., krefst þess: Aðallega að fjárhæð sú, sem lögtak er heimilað fyrir, verði lækkuð niður í kr. 17151.00, en til vara, að fjárhæðin verði færð niður í kr. 19399.00. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst þess hinsvegar, að lögtakið verði staðfest fyrir kr. 22255.00, en til vara, að það verði staðfest að því er varðar kr. 19399.00. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Í máli þessu er deilt um, hversu mikinn fasteignaskatt áfrýjandi eigi að leysa af hendi til bæjarsjóðs Siglufjarðar af húsum sínum, mannvirkjum og lóðarréttindum á Siglufirði samkvæmt reglu-

gerð nr. 27 frá 1938, sem sett er með heimild í lögum nr. 69 frá 1937 um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Ber að ákveða fasteignaskatt þenna sem tiltekna hundraðstölu af fasteignamatsverðinu, sbr. 1. og 2. gr. greindra laga og 2. gr. greindrar reglugerðar. Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið hér í dómi, er fasteignamatið á húsum áfrýjanda og mannvirkjum, öðrum en bryggjum og pöllum, kr. 1204900.00. Fasteignamat á bryggjum, pöllum og lóðarréttindum áfrýjanda er alls ósundurliðað kr. 510300.00, en samkvæmt sundurgreiningu fasteignamatsmanna Siglufjarðar, sem til þess hafa verið dómkvaddir, koma af fjárhæð þessari kr. 285480.00 á bryggjur og palla og kr. 224820.00 á lóðarréttindi.

Samkvæmt 2. gr. c., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 27. frá 1938 verður fasteignaskattur áfrýjanda á húsum og mannvirkjum, þar með töldum bryggjum og pöllum, 1% af kr. 1204900.00 + kr. 285400.00 = ...	kr. 14903.00
Samkvæmt 2. gr. d, sbr. 4. gr. sömu reglugerðar, verður fasteignaskatturinn af lóðarréttindum áfrýjanda 2% af kr. 224800.00 = ...	— 4496.00
Samtals	kr. 19399.00

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eiga þannig að vera óröskuð að því er varðar kr. 19399.00, en að öðru leyti ber að fella réttarathafnir þessar úr gildi.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð eiga að vera óröskuð að því er varðar kr. 19399.00, en eru að öðru leyti úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnarssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Áfrýjað er lögtaksgerð fógetaréttar Siglufjarðar 7. sept. 1938 í eignum Síldarverksmiðja ríkisins fyrir fasteignagjaldi kr. 23302.00, og úrskurði fógetaréttarins s. d., svohljóðandi:

Með því að eigi verður litið svo á, að eigi sé óheimilt (sic) að leggja fasteignaskatt á mannvirki og lóðir síldarverksmiðja skv. lögum nr. 69 frá 1937, né heldur reglugerð þeirri fyrir Siglufjarðarkaupstað, er hefir verið sett um þetta efni, og þar sem að undantekningarákvæði 4. gr. laga nr. 69 frá 1937 virðast vera tæmandi, en síldarverksmiðjur hinsvegar eigi þar upptaldar, þá verða eigi tekin til greina hin framkomnu mótmæli gjörðarþola.

Fyrir því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga.